

80 sumar hinn svonefnda Laugaveg alltjáustur að Fúlutjarnarlæk á takmörkum kaupstaðar-  
11. júní umdæmisins.

81 **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu, um sveit-**  
20. júní **festi þurfalings.** — Með þóknanlegu brjefi, dags. 26. apríl p. á., hafið þjer, herra amt-  
maður, sent hingað eptirrit af úrskurði yðar, dags. 2. okt. f. á., er ákveður, að Jónas  
nokkur Samsonarson skuli álitast sveitlægur í Seyðisfjarðarhreppi, en hreppsnefndin í tjeð-  
um hreppi hefur áfrýjað úrskurði þessum til mín — og hafið þjer jafnframt látið fylgja  
14 skjöl málinu viðvíkjandi.

Jónas þessi Samsonarson er fæddur í Svalbarðshreppi í Þingeyjarsýslu árið 1852,  
og hafði hvergi áunnið sjer sveit annarsstaðar, þegar hann vorð 1877 um sumarmál kom  
frá Kaupmannahöfn, þar sem hann hafði verið að trjesmíðisnámi, og rjeðst að Gnýstöðum  
í Seyðisfjarðarhreppi til að smíða hús fyrir bændurna þar, og svo til sjóróðra um sumarið;  
en er hann hafði dvalið þar nokkra stund, ljētu bændurnir það eptir, að hann færi að  
Ketilsstöðum á Völlum til húsasmíða, og síðan, er hann var kominn aptur þaðan, að Hauks-  
stöðum í Vopnafirði í sömu erindum, en það var samkomulag milli hans og bændanna á  
Gnýstöðum, að hann síðar kæmi aptur að Gnýstöðum, enda hafði hann beiðst þess, að mega  
telja þar heimili sitt um sumarið og skildi þar eptir dót sitt, er hann ekki nauðsynlega  
þarfnæðist um sumarið. Eptir veturnætur um haustið, kom Jónas einnig aptur að Gný-  
stöðum, og dvaldi þar svo það sem eptir var ársins. Síðan hefur Jónas dvalið stöðugt í  
Seyðisfjarðarhreppi, en páði þar seinni part sumars 1887 sveitarstyrk, og kom pá fram  
spurning um, hvar hann væri sveitlægur. Jeg verð nú að vera yður, herra amtmaður,  
samdóma um, að Jónas verði eptir hinum upplýstu atvikum, að álitast hafa átt heimili  
á Gnýstöðum allt frá því hann rjeðst þangað um sumarmál 1877, þrátt fyrir burtveru  
sína um sumarið, og að hann því hafi með löglegri 10 ára dvöl áunnið sjer framfærslu-  
rjett í Seyðisfjarðarhreppi, en jafnframt get jeg þess, að sveitarstyrkur sá, sem Jónasi  
tjáist hafa verið veittur sumarið og haustið 1887 virðist eigi hafa verið löglega veittur,  
þar sem ekkert er fram komið um, að Jónas hafi beiðst hans og engin aðsjón var gjörð  
hjá honum, auk þess sem hinn framlagði verzlunarreikningur yfir úttekt hans í reikn-  
ing sveitarinnar virðist helzt benda til þess, að hún hafi fram farið án nokkurrar til-  
hlutunar frá fátækrastrjórnarinnar hálfu.

Samkvæmt þessu skal hjer umræddur úrskurður yðar 2. okt. f. á. standa að öllu  
leyti óraskaður.

Þetta tilkynnist yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

82

## Reikningar

sjóða, er standa undir umsjón amtsráðsins í norður- og austuramtinu.

Jafnaðarsjóður norður- og austuramtsins 1888.

Tekjur.

1. Í sjóði frá f. á.:

	Kr.	Kr.	82
a. óendurgoldnar fyrirframborganir frá 1884 . . . . .	36,00		
b. ——— ——— — 1885 . . . . .	296,87		
c. ——— ——— — 1886 . . . . .	173,15		
d. ógoldið jafnaðarsjóðsgjald úr Norður-Múlasýslu 1887 . . .	150,00		
e. — ——— ——— — Suður-Múlasýslu s. á. . . . .	119,81		
f. í peningum . . . . .	<u>2080,32</u>	2856,15	
2. Samkvæmt brjefi amtsráðsins 14. febr. 1888, var 17 aurum jafnað niður á hvert gjaldskilyt lausafjórðungi; jafnaðarsjóðsgjald:			
a. úr Húnavatnssýslu . . . . .	463,93		
b. — Skagafjarðarsýslu . . . . .	371,28		
c. — Eyjafjarðarsýslu . . . . .	483,74		
d. — Þingeyjarsýslu . . . . .	597,80		
e. — Norðurmúlasýslu . . . . .	622,71		
f. — Suðurmúlasýslu . . . . .	<u>528,87</u>	3068,33	
3. Eptirstöðvar af jafnaðarsjóðsgjaldi 1887:			
a. úr Norðurmúlasýslu . . . . .	150,00		
b. — Suðurmúlasýslu . . . . .	<u>119,81</u>	269,81	
4. Endurgoldnar fyrirframborganir:			
a. kostnaður við rannsóknarferð hjeraðslæknisins í 11. lækni- hjeraði um Hálshrepp í tilefni af fjárkláðanum . . . . .	36,00		
b. fyrir selda karbólsýru á Húsavík . . . . .	19,60		
c. — — — — — - Oddeyri . . . . .	12,35		
d. — auglýsing vogreks við yfirrjettinn . . . . .	<u>1,75</u>	69,70	
	Samtals	<u>6263,99</u>	

## Gjöld.

1. Kostnaður við amtsráðið:			
a. fyrir mót á amtsráðsfundi 16. apríl 1888 . . . . .	150,00		
b. — — — — — 28. og 29. júní s. á. . . . .	133,00		
c. — skriptir við amtsráðið . . . . .	<u>50,00</u>	333,00	
2. Sáttamál:			
a. fyrir sáttabók . . . . .	3,00		
b. endurgoldinn ferðakostnaður sáttasemjara í sáttamálum utanhjeraðs . . . . .	<u>43,00</u>	46,00	
3. Heilbrigðismál:			
a. fyrir bólusetningar . . . . .	<u>38,75</u>	38,75	
4. Menntamál:			
a. til kvennaskólans á Laugalandi . . . . .	300,00		
b. — ——— — Ytri-Ey . . . . .	300,00		
c. — alþýðuskólans í Hljeskógum . . . . .	200,00		
d. — amtsbókasafnsins . . . . .	<u>352,70</u>	1152,70	
		Flyt	1570,45

	Kr.	Kr.
	Flutt	1570,45
5. Heyrnar- og málleysingjar:		
a. meðlag með Pjetri Bjarnasyni frá 1. jan. til 31. des. 1888	300,00	
b. — — Guðbjörgu Jóhannesdóttur fyrir sama tíma . . . . .	<u>300,00</u>	600,00
6. Ýmislegt:		
a. 4. (síðasta) afborgun og leigur til 18. okt. 1888 af fjár- kláðaláninu (upphaflega 2000 kr.) . . . . .	520,00	
b. 1. afborgun og leigur til 4. nóv. 1888 af Skjálfanda- fljótsbrúarláninu . . . . .	400,00	
c. kostnaður við yfirreið amtmanns um Múlasýslurnar frá 21. ágúst til 5. septbr. 1888 . . . . .	304,00	
d. kostnaður við að semja verðlagsskrá . . . . .	53,00	
e. kostnaður við fangahúsið á Akureyri . . . . .	<u>22,53</u>	1299,53
7. Færst til jafnaðar tekjuliður 3. . . . .		269,81
8. Færst til jafnaðar tekjuliður 4. . . . .		69,70
9. Í sjóði til næsta árs:		
a. óendurgoldnar fyrirframborganir frá 1885 . . . . .	277,27	
b. — — — — — 1886 . . . . .	159,05	
c. — — — — — 1888 . . . . .	1,75	
d. ógoldið jafnaðarsjóðsgjald úr Þingeyjarsýslu 1888 . . . . .	298,90	
e. í peningum . . . . .	<u>1717,53</u>	2454,50
		Samtals 6263,99

Skrifstofu norður- og austuramtsins, 15. jan. 1889.

*J. Havsteen.*

\*

\*

\*

Amtsráðið í norður- og austuramtinu hefur á fundi sínum 3. júní 1889, endurskodað reikning þenna, og ekkert fundið við hann að athuga.

Í amtsráði norður- og austuramtsins, Akureyri, 3. júní 1889.

*J. Havsteen. Einar Ásmundsson. Ólafur Briem.*

#### STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI.

10. gr. C. 5. b.

Veittar 90 kr. til aðgjörðar á aðalpóstveginum frá Hafursá austur yfir Steigarhális í Skaptafellsýslu.

Veittar kr. 79,70 til aðgjörðar á aðalpóstveginum í Kjósarhreppi.

#### EMBÆTTISSKIPUN.

24. júní veitti landshöfðingi sjera Jóni Jónssyni, fyrrum presti að Kviabekk Hof's prestakall í Húnavatns prófastsdæmi samkvæmt ósk hlutaeigandi safnaða.